

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Spænska

Las mujeres en al-Andalus

Cristianas, judías y musulmanas
(Un estudio comparativo)

Ritgerð til B.A.-prófs

Óvina Anna Margrét Orradóttir

Kt.: 190868-3629

Leiðbeinandi: Erla Erlendsdóttir

Febrúar 2012

Ágrip

Fjallað verður um stöðu kvenna í Al-Andalus á Spáni á 10. til 12. öld en þá réðu Arabar ríkjum þar. Þarna komu saman þrjú ólík trúar- og menningarsamfélög gyðinga, kristinna og múhameðskra og verður þeim lýst hverju fyrir sig. Það er einstakt fyrir þetta tímabil að hver trúarhópur hafði sín eigin lög og reglur sem giltu ekki á milli trúarsamfélaga og fengu konur ólík viðurlög og refsingar háð trú þeirra. Þeim lögum og reglum verður lýst sem giltu fyrir hvern trúarhóp fyrir sig og áhrif þeirra á stöðu og líf kvenna.

Skoðað verður hvaða áhrif stéttaskipting og staða kvenna í þjóðfélaginu hafði á líf kvenna út frá trú þeirra en konur höfðu mjög ólíka möguleika til menntunar og starfa. Þær stéttir og stöður sem verða skoðaðar eru; ekkjur, giftar og ógiftar konur; þrælur og frjálsar konur; og lágstétt, millistétt og hástétt. Konur almennt áttu að halda sig innan veggja heimilisins, vera undirgefnar föður eða eiginmanni og hlutverk þeirra var að sinna heimili og börnum. Þær höfðu lítið frelsi til að ráðstafa lífi sínu sjálfar en á þessu voru þó undantekningar og verða þær skoðaðar. Sýnt verður fram á að hástéttakonur voru að einhverju leyti fangar vegsemdar og virðingar á meðan sumar konur úr lægri stéttum og þrælur lifðu frjálsara lífi og höfðu meiri möguleika til þátttöku í þjóðfélaginu.

Að lokum verður gerður samanburður á lífi og stöðu kvenna milli samfélaga og þess freistað að draga fram það sem er líkt og ólíkt með þeim og niðurstöður settar fram.